



Kvörtun vegna sand/mold/malarfoks frá íbúa.

Dags. 27. desember 2024 og ítrekun 05.02.2025

Góðan dag

Frá því að framkvæmdir hófust við hafnarsvæði hefur borið á miklu moldar- og sandfoki yfir bæinn og þá sérstaklega Fjarðarveg 1 þar sem ég bý með fjölskyldu minni. Það eru einungis rétt rúmir 100 m frá húsinu okkar og að framkvæmdasvæðinu.

Það sem gerir útslagið nú, og þess vegna sendum við póst núna, er að yfir hátíðina hefur verið mikill vindur úr suðvestri/vestri með gríðarlega miklu foki frá þeim gríðarlega stóru haugum sem gnæfa yfir okkur á hafnarsvæðinu. Hér er húsið, bílar og allt í kringum okkur þakið moldar drullu og viðbjóði sem við getum ekki lengur sætt okkur við. Hér hefur ekki verið hægt að hengja út þvott, ekki hægt að opna glugga og það sem verra er að láta Rúrik okkar sofa úti í vagninum sínum.

Við óskum eftir staðfestingu á póstinum frá ykkur öllum og tafarlausra aðgerða vegna þessa máls. Jafnframt óskum við eftir því að vera upplýst jafnóðum og farið verður í fyrirbyggjandi aðgerðir.

Virðingarfyllt

Þorsteinn Egilsson, íbúi í Fjarðarvegi 1

Sólrún Arney, íbúi í Fjarðarvegi 1

cc. á forstöðumann þjónustumiðstöðvar og formann skipulagsnefndar

Ítrekun 05.02.2025

Góða kvöldið

Ég vil ítreka kvörtun okkar um mikið sand/mold/malarfok í og við Fjarðarveg 1 sem stendur 100 metrum frá iðnaðarsvæði Ísfélagsins. Síðustu daga, líkt og fyrir áramót, hafa bílar og hús verið þakin moldar drullu, ekki hægt að hafa opna glugga, hengja út þvott né láta barn sofa úti í vagni.

Óskum eftir tafarlausum svörum um úrlausnir að hálfu sveitarfélagsins og hvenær farið verður í þær. Ekkert hefur verið gert í þessu máli frá því fyrir kvörtun okkar 27. desember barst ykkur.

Virðingarfyllt

Þorsteinn Egilsson, íbúi í Fjarðarvegi 1

Sólrún Arney, íbúi í Fjarðarvegi 1